Ed. **574. Nefndarálit**

um frumv. til l. um eignarnám á lóðarréttindum og mannvirkjum á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 31. maí 1945. Allmikill dráttur hefur orðið á afgreiðslu málsins frá allsherjarnefnd, vegna þess að nefndin hefur ekki fengið upplýsingar, sem hún hafði óskað eftir, um það, hvort fullreynt hefði verið um samkomulag, áður en gripið var til að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Nú vill nefndin ekki draga afgreiðslu málsins lengur, og þótt hún hafi ekki fengið fyrrnefndar upplýsingar, leggur hún til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BSt) er þó óbundinn af þessari afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. marz 1946.

Bjarni Benediktsson, formaður. Steingr. Aðalsteinsson, frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Guðm. Í. Guðmundsson. Lárus Jóhannesson.